

GJALDSKRÁ

fyrir hreindýraveiðileyfi.

1. gr.

Gjald fyrir hreindýraveiðileyfi.

Náttúruverndarstofnun innheimtir gjald fyrir úthlutun hreindýraveiðileyfa.

Gjaldið skal vera:

	<i>Upphæð kr.</i>
a. Fyrir tarf á svæðum 1 til 9	241.600
b. Fyrir kú á svæðum 1 til 9	137.700

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 340/2024 um hreindýraveiðileyfi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. janúar 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

B deild - Útgáfudagur: 4. febrúar 2026